



## FUNDARGERÐ 464. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, föstudaginn 11. febrúar 2022. Fundurinn er settur klukkan 15:30. Fundurinn er staðfundur á Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

**Mætt:** Ágúst Bjarni Garðarsson í fjarveru Kristins Andersen og Kolbrún Þorsteinsdóttir.

**Sækja fund með fjarfundarbúnaði:** Birkir Jón Jónsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir og Líf Magneudóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri sækja staðfund.

Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, Ruth Einarsdóttir rekstrarstjóri Góða hirðisins og Haraldur Flosi Tryggvason Klein ráðgjafi stjórnar sækja fjarfund.

### Tekið fyrir

#### 1. Húsnæðismál GH og Sorpu

Samskipta- og þróunarstjóri gerir grein fyrir undirrituðum samningi um húsnæði fyrir höfuðstöðvar Góða hirðisins og skrifstofu SORPU við Köllunarklettsveg 1.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi

*„Stjórn SORPU bs. samþykkir að aflétta fyrirvara við undirritun fyrirliggjandi samninga um húsnæði fyrir Góða hirðinn og SORPU við Köllunarklettsveg 1 og vísar þeim til kynningar á eigendavettvangi. Skuldbindingin sem í leigusamningunum felst rúmast innan fjárhagsáætlunar SORPU og Góða hirðisins sem samþykkt hefur verið fyrir árin 2023-2026.“*

Ruth Einarsdóttir og Haraldur Flosi víkja af fundi klukkan 16:05

#### 2. Staða urðunar og starfsleyfi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um stöðu urðunar og starfsleyfi urðunarstaðar.

#### 3. Endurræsing GAJA – minnisblað

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um endurræingu GAJA.

#### 4. Samningur við Malbikstöðina um metankaup kynntur

Samskipta- og þróunarstjóri gerir grein fyrir þróunarsamningi Metan ehf. við Malbikstöðina.

#### 5. Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður mánudaginn 28. febrúar klukkan 13:00

Fleira var ekki gert og fundi slitið 16:33.

# MINNISBLAÐ

|                     |                                                         |
|---------------------|---------------------------------------------------------|
| <b>Til</b>          | <b>Framkvæmdastjóra SORPU bs.</b>                       |
| <b>Frá:</b>         | <b>Rekstarstjóra Urðunarstaðar og gashreinsistöðvar</b> |
| <b>Dagsetning</b>   | <b>9.2.2022</b>                                         |
| <b>Starfseining</b> | <b>Urðunarstaður</b>                                    |
| <b>Efni:</b>        | <b>Urðun og urðunarmörk.</b>                            |

## 1. Urðun og urðunarmörk

Urðun í janúar 2022 voru rúm 6.000 tonn. Með því áframhaldi verður búið að fullnýta urðunarmörk eigendasamkomulags og þar með starfsleyfis urðunarstaðar um mánaðarmótin maí/júní. Af því voru 480 tonn lífrænn úrgangur ef ekki er tekið tillit til lífræns innihalds í böggðum úrgangi. Beðið er eftir niðurstöðum baggarannsóknar sem framkvæmd var í 24. nóvember 2021.

Rúmur helmingur af lífræna efninu er sláturúrgangur. Þó hefur tekist að flytja rúm 56% af öllum sláturúrgangi austur í Orkugerðina í janúar. Gerð úrgangs og afkastageta Orkugerðarinnar ræður því hvað er flutt. Gera má ráð fyrir að urða þurfi rúm 5.000 tonn af lífrænum úrgangi án tillits til baggaðs úrgangs á árinu 2022. Þar af tæp 3.000 af sláturúrgangi.

Í reglubundnu eftirliti umhverfisstofnunar 23.11.2021 upplýstu eftirlitsaðilar SORPU um að stofnunin gæti farið að beita stjórnvaldssektum við brotum á starfsleyfi með innleiðingu nýrrar reglugerðar. Urðunarmörk starfsleyfis miða við eigendasamkomulag. Í starfsleyfi urðunarstaðar er ekki kvöð um að hætta urðun á lífrænu á árunum 2022 og 2023. Það mikilvæga markmið er því ekki á svig við starfsleyfið sem slíkt.

**TAFLA 1: URÐUN OG URÐUNARMÖRK.**

| Ár          | Urðunarmörk (tonn) | Urðun (tonn) |
|-------------|--------------------|--------------|
| <b>2018</b> | 120.000            | 147.000      |
| <b>2019</b> | 120.000            | 131.000      |
| <b>2020</b> | 120.000            | 105.000      |
| <b>2021</b> | 78.000             | 94.000       |
| <b>2022</b> | 38.000             | 70.000*      |
| <b>2023</b> | 38.000             | 38.000**     |

\*Áætluð urðun á árinu 2022.

\*\*Með brennslufarvegi/úrflutningi

## 2. Tiltækt rúmmál

Rein 20 er komin að hæðarmörkum og er urðun hafin í urðunarrein 19, en hún er ósprengd. Urðunarrými á svæði í kringum rein 20 var mælt í júní 2021 og var það um 330 þúsund m<sup>3</sup>. Með því að færa vigtarskúr og aðstöðu urðunarverktaka má auka það rúmmál í tæpa 500 þúsund m<sup>3</sup>. Til samanburðar var hönnunarstærð reinar 20 þegar hún var tekin í notkun á árinu 2018 um 680 þúsund

m<sup>3</sup>. Þessar reinar hafa því töluvert minna rúmmál vegna þess hversu hátt yfir sjávarmáli svæðið er, án rúmmálsauka með því að dýpka/sprengrja klöpp eins og gert var í rein 20..

